

Dagsetning
Nafn
Heimilisfang

Sláðu inn nafn þingmanns
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Kæri/kæra [sláðu inn nafn þingmanns]

Sem íbúi í þínu kjördæmi skrifa ég þér til að upplýsa þig um að ég styðji hreyfinguna Simpol (Simultaneous Policy – Samtímis stefna). **Þessi staðreynd mun hafa áhrif á hvernig ég kys í næstu kosningum. Ég mun veita hverjum þeim frambjóðanda forgang – innan skynsamlegra marka – sem hefur undirritað skuldbindingu um að innleiða Simpol í samvinnu við önnur stjórnvöld.**

Simpol er samsafn af ýmsum stefnum þar sem tekist er á við alþjóðleg vandamál eins og hlýnun jarðar, ofríki stórfyrirtækja, mengun, fátækt o.s.frv. Simpol þarf að innleiða *samtímis* meðal þjóða og eingöngu þegar stjórnvöld allra ríkja eða nægilega margra hafa skuldbundið sig til þess. Þannig er hægt að leysa hnattræn vandamál án þess að skerða samkeppnisstöðu nokkurrar þjóðar, fyrirtækis eða íbúa. Hlýnun jarðar er eitt dæmi um hvernig vonlaust er að ná framförum vegna þess að hver þjóð fyrir sig þorir ekki að grípa ein til aðgerða. Eins og Tony Blair sagði einu sinni: „Sannleikurinn um stefnuna í loftlagsmálum er sá að engin þjóð vill færa efnahagslegar fórnir til að takast á við þessa áskorun.“ En það verða bara fórnir ef þjóðirnar vinna ekki saman. Þess vegna er innleiðing *samtímis* rétta leiðin til að bjóða upp á samhæfa og áhættulausa lausn. Frekari upplýsingar á heimasíðu Simpol, www.simpol.org (alþjóðleg síða) eða www.simpol.org.uk (bresk síða).

Ég mun kjósa á þennan hátt vegna þess að ég hef áhyggjur af því að þær stefnur sem þarf að leiða í lög til að vernda samfélög og umhverfið, bæði staðbundið og á heimsvísu, séu sniðgengnar vegna þess að stjórnámálamenn hafa eðlilega áhyggjur af því að einhliða innleiðing þeirra hafi slæm áhrif á efnahaginn því fyrirtæki og störf flytjast þá annað. Þess vegna hafa hnattræn (og mörg staðbundin) vandamál aðeins versnað. En nú býður Simpol okkur öllum – íbúum, athafnamönnum og stjórnámálamönnum – leið út úr þessu öngstræti.

Stjórnámálamönnum í öllum flokkum er boðið að undirrita Simpol-skuldbindinguna (sjá viðhengt form). Nú þegar hafa 24 breskir þingmenn úr öllum helstu stjórnmalaflokkum Bretlands undirritað skuldbindinguna, auk þingmanna úr öðrum löndum, og einnig hefur skuldbindingin hlotið stuðning forseta Austur-Tímors, dr. José Ramos-Horta. Það er hægt að skoða drög og bráðabirgðalista yfir reglur og aðgerðir Simpol á www.simpol.org.uk í kaflanum Policy. Á breskri vefsíðu Simpol má sjá hvaða breskir þingmenn hafa nú þegar skrifað undir skuldbindinguna.

Fyrir þig sem stjórnámálamann staðfestir undirritun Simpol-skuldbindingarinnar ásetning þinn um að hrinda Simpol samtímis í framkvæmd, eingöngu þegar nægilega margar aðrar þjóðir gera það. Þangað til heldur þú áfram að framkvæma og styðja stefnu flokks þíns með óbreyttum hætti. Enn fremur eru aðferðir Simpol settar fram með fyrirvara: Þetta er verk í vinnslu. Þess vegna felur skuldbindingin ekki í sér neina áhættu fyrir þig en gefur þér mögulega atkvæði stuðningsmanna Simpol. Að undirrita Simpol-yfirlýsinguna aðgreinir líka þá frambjóðendur sem hafa fram að færa hagnýta lausn á hnattrænum vandamálum frá þeim sem hafa hana ekki.

Ef þú vilt tryggja þér atkvæði mitt í kosningum og atkvæði margra íbúa í þínu kjördæmi sem styðja Simpol ættir þú að undirrita viðhengda skuldbindingu og skila henni til Simpol-UK, Bretlandsdeildar stofnunarinnar Simultaneous Policy Organisation (ISPO), eins fljótt og auðið er. **Þessir aðilar munu vekja athygli á því hvaða stjórnámálamenn ætla að undirrita Simpol-skuldbindinguna og upplýsa fylgjendur hreyfingarinnar um það svo þeir viti hverja þeir eigi að kjósa í komandi kosningum.**

Ég hlakka til að heyra frá þér.
Með bestu kveðjum,



Simultaneous Policy (Samtímis stefna): Skuldbindingareyðublað (fyrir frambjóðendur)

Sem frambjóðandi til Alþingis Íslendinga heiti ég því að ef ég verð kjörinn mun ég í þinginu greiða atkvæði með því að Simpol – Samtímis stefna – verði innleidd þegar stjórnvöld allra, eða nægilega margra, þjóða hafa jafnframt skuldbundið sig til að innleiða hana (hér eftir kallað „skuldbindingin“). Ég mun hvetja samflokksmenn mína til að sameinast um þetta átak og gera skuldbindinguna að stefnu flokksins.

Simpol mun samanstanda af stefnum sem leiða eiga til félagslegs réttlætis um allan heim og sjálfbærni í umhverfinu. Þar sem skilgreining á aðferðum stefnunnar er sibreytilegt, lýðræðislegt ferli sem á sér stað um allan heim, af hálfu borgaralegra innleiðenda stefnunnar, í umboði International Simultaneous Policy Organisation, geri ég mér ljóst að undirritun skuldbindingarinnar er með fyrirvara á þessu stigi. Enn fremur, þar sem ég get ógilt mína skuldbindingu hvenær sem er með skriflegri tilkynningu til Simpol-UK, felur undirritun mín ekki í sér óafturkræfa skuldbindingu af minni hálfu þar til innihald Simpol hefur verið að fullu skilgreint og stjórnvöld nægilega margra annarra landa hafa staðfest að þau muni innleiða stefnuna.

Ég geri mér grein fyrir því að Simpol-UK og International Simultaneous Policy Organisation geta gert mína skuldbindingu – og ógildinguna hennar – opinbera og sérstaklega þeim sem innleiða Simpol í mínu landi eða á mínu svæði. Ég geri þessa skuldbindingu í mínu eigin nafni (ekki í nafni flokksins míns*).

Valkvæð opinber yfirlýsing til stuðnings Simpol:

.....
.....

Nafn (skal rita með stórum prentstöfum):

.....

Kjördæmi: Flokkur

Heimilisfang:

Símanúmer: Netfang:

Dagsetning: Undirskrift:

...

Vinsamlega endursendið þetta eyðublað á: **ISPO • PO Box 26547 • London SE3 7YT • UK**
Faxnúmer: +44 (0)20 8639 0123

Ath.: Tengiliðaupplýsingarnar þínar verða eingöngu geymdar hjá Simpol-stofnuninni og þær verða ekki birtar og þeim ekki dreift til þriðja aðila án leyfis nema að þær séu þegar opinberlega aðgengilegar.

**Flokkurinn getur í heild sinni skuldbundið sig til að styðja Simpol en þá er notast við annað eyðublað.*

www.simpol.org